



## Arngrímur Kristjánsson

---

Bjarni Benediktsson – Arngrímur Kristjánsson – Barnaskólinn í Skildinganesi – Fækkun kennslustunda -  
Skólastjóralaun

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-5, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég leyfi mér að senda ydus hr.  
professor, afrit af breifi því er  
ég sendi borgarstjóra, varðandi  
mjal þat, er ég átti hal við ydon  
um i dag. "12'37 Nína myl.  
*BK*

Ég leyfi mér að láta formanni fræðsluráðs, hr. borgarstjóra  
Pétri Halldórssyni og formanni skólanefndar, síra Ingimar Jónssyni,  
eftirfarandi upplýsingar í té:

Eftir að ég tók við stjórn barnaskólangs í Skildinganesi þann  
10. okt. f.á., hefir verið fækkað kennslustundum í bóklegum greinum  
í skólanum, sem hér segir:

Í 13 ára deild	2	st.	á viku
- 12 - -	2	- - -	
- 11 - -	3	- - -	
- 9-10 A -	5	- - -	
- 9-10 B -	4	- - -	
Alls 16 st. á viku			

Í þrem 7 - 8 ára deildum skólangs eru kenndar 12 st. á viku (p.e.  
óbreytt frá því sem var fyrir 10. okt.).

Í 11, 12 og 13 ára deildunum hefir fækjun stundafjöldans komið  
niður á erlendri málakennslu, og hefir þó 12 ára deildin enn 2 stund-  
ir í dönsku og 13 ára deildin 4 stundir í dönsku og 2 stundir í ensku  
á viku.

Fækjun kennslustunda við 9 - 10 ára aldursflokka um 10 st. á  
viku, stafar einungis af því að kennslustundafjöldi þessara aldurs-  
flokka hefir verið <sup>Samrændur</sup> ~~samkvæmt~~ gildandi lagafyrirmælim.

Nemur sparnaður í lækkaðri greiðslu vegna tímakennslu við skól-  
ann kr. 125,44 á mánuði, eða yfir tímabilið okt. - apríl kr. 878,08.

Þá vil ég geta þess að ég hefi kennt 14 stundir fastar á viku  
hverri og auk þess forfallakennslu við skólann, eftir því sem mér hef-  
ir unnist tími til, og þegar hennar hefir verið þörf. Hefi ég ekki  
reiknað skólanum þá kennslu til gjalda.

Ég geri ráð fyrir að kenna a.m.k. sem svarar 6 st. á viku, í  
forfallakennslu að meðaltali á skólaárinu, eða alls 20 st. á viku við  
skólann.

Hinar 20 vinnustundir, að viðbættum þeim 16 st., sem hafa spar-  
ast vegna ráðstafana minna, samsvara alls 36 stundum á viku, eða 12  
vinnustundum meira á mánuði en þærinn greiðir fyrir stundakennslu í  
Austurbæjarskólanum vegna brottfarar minnar frá þeirri stofnun. Nemur  
þessi sparnaður fyrir þeinn kr. 23,52 á mánuði.

Eins og nú standa sakir hefir því þærinn ókeypis vinnu mína í þágu  
skólangs, aðra en kennslu og þó kr. 23,52 að auki, <sup>mánuðarlega</sup> miðað við það, sem  
orðið hefði að óbreyttum rekstri stofnunarinnar.

Þar sem framkvæmdastjórn bæjarins hefir enn ekki þóknast að  
greiða mér skólastjóralaun, þótt ég hafi verið settur til að gegna  
starfi sem skólastjóri frá 1. des. s.l., en hinsvegar aðeins greitt

mér mín föstu kennaralaun, leyfi ég mér að ýtreka munnlega beiðni mína, er ég bar fram við borgarstjóra um miðjan s.l. mánuð, um að mér verði greidd við fyrsta þóknanlega tækifæri þau laun, er mér ber, samkvæmt lögum um skipun barnakennara og laun þeirra nr. 75 frá 1919, og sbr. einnig lög um freðslu barna frá síðasta Alþingi, sem ~~sem~~ settum skólastjóra við barnaskólann í Skildinganesi.

Reykjavík 7.2. '37

Vistingarsýslu

Jónas Kristjánsson

Til hr. forseta Þórus Hálldórssona